

Leiðbeiningar um val í INNU

Námsval

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Námi í bóklegum og verklegum greinum er skipt niður í áfanga. Áfangar gefa einingar eftir því hve viðamiklir þeir eru. Námslok við skólann miðast við að nemendur hafi lokið tilskildum áföngum og einingafjölda eins og tilgreint er í brautarlýsingum skólanámskrár. Nemandinn ber ábyrgð á eigin námsframvindu samkvæmt [brautarlýsingu](#). Námsferilsáætlanir stúdentsbrauta er hægt að sjá á heimasíðu skólans:

- [Félagsvísindalína](#)
- [Náttúruvísindalína](#)
- [Opin lína](#)

Nemendur á verknámsbrautum eiga að leita til umsjónarkennara ef þeir þurfa aðstoð við val á næstu önn.

Nemandi sem fallið hefur í áfanga/áföngum eða sagt sig úr áfanga/áföngum getur ekki vænst þess að fá að velja einum áfanga fleiri en hann stóðst á fyrri önn. Þegar opnað hefur verið fyrir valið í INNU fá nemendur tilkynningu um það frá stjórnendum og geta þá byrjað að velja og skipuleggja nám næstu annar. Nemendur sem skráðir eru í umsjónartíma fá aðstoð frá viðkomandi umsjónarkennara.

Með vali staðfestir þú umsókn um skólavist á næstu önn. Ef þú gengur ekki frá vali er litið svo á að þú ætlir ekki að stunda nám við skólann á næstu önn.

Nemendur sem óska eftir að skipta um braut á næstu önn gera það á Innu. Ef upp koma vandamál með brautarskipti vinsamlegast sendið póst með góðum útskýringum á Thelmu aðstoðarskólameistara (thelma@fiv.is).

Hvað á að velja?

Þegar í INNU er komið, ferðu inn á „Námið“ efst til hægri og velur þar „Námsferill – braut“. Þá sérðu brautarkröfuna og hvaða áföngum þú hefur lokið og hvaða áfanga þú átt eftir að ljúka.


Hluti bóknámsbrauta er frjálst val (45-50 einingar) og er mikilvægt að dreifa valinu jafnt yfir annirnar. Á heimasíðu skólans er listi yfir [áfanga í boði](#) á næstu önn og tengill á áfangalýsingu þeirra.

Í aðalval skaltu velja að hámarki 6 áfanga auk íþróttar. Í varaval skaltu velja 1 áfanga. Að jafnaði skal nemandi sem er í fullu námi sækja 33 einingar á önn. Ef þú ert á bóknámsbraut þarftu að hafa í huga að af heildarfjölda eininga, sem er 200, þá mega einingar á 1. þrepi ekki vera fleiri en 66 og einingar á 3. þrepi ekki vera færri en 34.

Hvernig á að velja?

1. Á forsíðu INNU sérð þú VAL í listanum hægra megin

2. ýttu á "Velja áfanga"



Val

Skoða uppbyggingu brautar

Framhaldsskólabrú

Staðfesta val

Aðalval: Hámark áfanga á önn er 8.
Varaval: Velja skal að hámarki 2 áfanga. Hægt er að draga áfanga á milli aðalvals og varavals.

20171 - Vorönn 2017

HEIL1HH02

SKS

20231 - Vorönn 2023

Engir valdir áfanga

Varaval

Engir valdir áfanga


+ Velja áfanga

Fjöldi eininga í aðalvali: 2
Fjöldi eininga í varavali: 0
Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Fjöldi eininga í aðalvali: 0
Fjöldi eininga í varavali: 0
Fjöldi kennslustunda á viku: 0

● = Lokið/Metið/Lokið án eininga ● = Metið fall/Fall á önn ● = Ólokið ● = Úrsógn ● = Áætlun

3. Þá kemur upp listi sem inniheldur áfanga sem í boði eru á önninni. Þú velur áfanga með því að draga hann yfir í valgluggann hægra megin.



20231 Vorönn 2023

Leita Kjarni

Til að velja áfanga þarf að draga hann yfir í þann glugga sem við á. Ef áfangi er orðinn grár þá er þegar búið að velja hann á önnina.

Sláðu inn heiti áfanga

Áfangi	Heiti	Einingar	Prep	Tímar á viku	Undanfara
DANS2TL05	Danska, lestur og menning, tjáning	5	2	4	Já Q
EDLI2AV05	Aft- og varmafræði	5			BÓKF1IB05 Bókfaersla
EFNA2ES05	Efnaorka, lotukerfi, efnatengi, lögun sameinda	5	2	4	Já Q
EFNM1MT05	Efnisfræði málmanna	5	1	0	
ENSK1GR05	Enska grunnáfangi	5	1	2	
ENSK2TM05	Enska, menning, tjáning og skapandi skrif	5	2	4	Já Q
ENSK3KV05	Enska, kvikmyndir og samfélag	5	3	0	Já Q
ENSK3MB05	Enska, Bókmenntir og menning enskumælandi landa	5	3	4	Já Q

20231 - Vorönn 2023

5 1 0

+

Varaval

Fjöldi eininga í aðalvali: 0
Fjöldi eininga í varavali: 0
Fjöldi kennslustunda á viku: 0

● = Áætlun

4. Nú velur þú þá áfanga sem þú vilt taka á næstu önn. Valið vistast sjálfkrafa. Fyrir fullt nám velur þú 30-33 einingar (6-7 áfanga) og einn í varaval.

5. Þegar þú ert sátt/sáttur við valið þitt ýtir þú á "Staðfesta val"

Val

Aðalval: Hámark áfanga á önn er 8.

Varaval: Velja skal að hámarki 2 áfanga. Hægt er að draga áfanga á milli aðalvals og varavals.

20171 - Vorönn 2017

HEIL1HH02

SKS

20231 - Vorönn 2023

BÖKF1IB05

EFNM1MT05

FÉLV1IF05

FORR2FA05

HUGN1HN05

NÁTT1UN05

Varaval

SKÁK1SB05

+ Velja áfanga

Fjöldi eininga í aðalvali: 2

Fjöldi eininga í varavali: 0

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Fjöldi eininga í aðalvali: 30

Fjöldi eininga í varavali: 5

Fjöldi kennslustunda á viku: 12

■ = Lokið/Metið/Lokið án eininga ■ = Metið fall/Fall á önn ■ = Ólokið ■ = Úrsögn ■ = Áætlun


6. Og staðfestir aftur

Staðfesta val

20231 - Vorönn 2023 - Dagskóli

Staðfesta val

7. Þá kemur upp gluggi sem segir "Val staðfest". Þú hefur nú valið áfanga fyrir næstu önn og getur ýtt á „loka“.



8. Á meðan valið er opið þá er hægt að breyta því og færa til áfanga. Mundu bara að ef þú breytir þá þarf aftur að staðfesta val.

Þurfir þú frekari aðstoð með valið hefur þú samband við Ingibjörgu ráðgjafa með því að senda henni tölvupóst (ingibjorg@fiv.is).

Gangi þér vel!